

491. fundur stjórnar Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. haldinn þriðjudaginn 12. apríl 2018 kl. 16:30 í fundarsal Köllu að Berghólabraut 7 í Reykjanesbæ. Mætt eru: Birgir Már Bragason, Brynja Kristjánsdóttir, Jóna Rut Jónsdóttir, Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir, Elín Björg Gissurardóttir, Bjarni Stefánsson, Inga Rut Hlökkversdóttir og Jón Norðfjörð framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Birgir Már Bragason formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Samstarf sorpsamlaga – Teitur Gunnarsson verkfræðingur mætir á fundinn
2. Bygging spilliefna- og botnöskuskýla – staða máls
3. Tilboð í malbikun að Fitjabraut 10 - niðurstaða
4. Sameiningarviðræður SS og Sorpu – staða máls
5. Önnur mál

1. Samstarf sorpsamlaga – Teitur Gunnarsson verkfræðingur mætir á fundinn

Á stjórnarfundum SS hinn 8. febrúar síðast liðinn var eftirfarandi bókað: „Í Samráðsnefnd sorpsamlaga á suðvesturlandi eru SORPA bs., Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf., Sorpstöð Suðurlands sf. og Sorpurðun Vesturlands hf. Á fundi nefndarinnar hinn 10. janúar s.l. var meðal annars rætt um ýmis samstarfsverkefni sorpsamlaga sveitarfélaganna út frá sífellt auknum kröfum um meðhöndlun úrgangs. Ákveðið var að leggja viljayfirlýsingu fyrir stjórnir sorpsamlaganna um aukið samstarf og mögulega sameiningu eftir atvikum. Málið var rætt ítarlega og fram kom m.a. að yfirlýsing af þessu tagi geti verið mjög jákvæð vegna aukinna og sífellt flóknari og strangari krafna sem varða úrgangsmál. Stjórnin telur þó að áherslur og orðalag þurfi að vera skýrari og jafnframt að skilgreina þurfi betur hvert framlag einstakra sorpsamlaga geti verið. Samþykkt að fresta málinu og ræða það nánar á næsta fundi samráðsnefndarinnar“.

Á fundinn var mættur Teitur Gunnarsson efnaverkfræðingur og fagstjóri efnaferla hjá verkfræðistofunni Mannvit. Teitur vinnur meðal annars að endurskoðun svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs sem er eitt af samstarfsverkefnum sorpsamlaganna á Suðvesturlandi. Teitur yfirlýsir mögulega framtíðarsýn um samvinnuverkefni sorpsamlaganna og hvernig málin gætu mögulega þróast. Í kynningu hans var meðal annars spáð fyrir um aukningu heimilis og rekstrarúrgangs á næstu árum á hverju samlagssvæði fyrir sig.

Viljayfirlýsingin sem frestað var að taka afstöðu til 8. febrúar var tekin til umræðu og gert er ráð fyrir í yfirlýsingunni að í framhaldi af undirritun sorpsamlaganna verði unnið eins hratt og kostur er við að greina hvaða lausnir hvert sorpsamlag getur lagt til á sínu svæði, með það að markmiði að sem flestar þessara lausna verði tilbúna eða undirbúningur þeirra langt kominn fyrir árslok árið 2020. Samþykkt að fela formanni að undirrita yfirlýsinguna eins og hún var lögð fyrir á fundinum.

2. Bygging spilliefna- og botnöskuskýla – staða máls

Eins og áður hefur komið fram hefur reynt erfitt að fá verktaka til verksins þrátt fyrir að útboð hafi farið fram og að leitað hafi verið til ýmissa fyrirtækja. Nú liggur fyrir að HUG verktakar ehf. telja mögulegt að þeir geti tekið verkefnið að sér, en að það verði ekki fyrr en í september á þessu ári. Frekari viðræður við verktakann um málið fara fram á næstu vikum. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

3. Tiboð í malbikun að Fitjabraut 10 – niðurstaða

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "BS", "JHM", "Bl", and "ESB".

Fram kom á síðasta stjórnarfundum að Sveinn Valdimarsson verkfræðingur hafi tekið saman upplýsingar um lagningu varanlegs slitlags á hluta af lóð fyrirtækisins að Fitjabraut 10. Eigendur nærliggjandi fasteigna samþykktu samstarf um verkefnið og Reykjanesbær einnig vegna götu sem liggur framhjá húsinu og þarfnast varanlegs slitlags. Valdir aðilar voru fengnir til að gera tilboð í verkefnið og skiluðu fjórir aðilar inn tilboðum sem voru opnuð hinn 27. mars síðast liðinn. Lægsta tilboð átti Ellert Skúlason ehf. kr. 13.925.000 og var ákveðið að taka því. Kostnaðaráætlun var kr. 16.762.750. Hlutdeild SS er 55% sem er kr. 7.700.000.

4. Sameiningarviðræður SS og SORPU – staða máls

Fundum viðræðunefnda er haldið áfram og framkvæmdastjóri lagði fram vinnuskjal sem unnið er samkvæmt dagskrá sem kynnt var á síðasta stjórnarfundum. Stjórnarmenn yfirfara atriði sem þar koma fram og koma á framfæri athugasemdum sem þeir kunna að hafa. Næsti fundur viðræðunefndarinnar er boðaður 16. apríl.


5. Önnur mál

1. Næsti stjórnarfundur er áætlaður fimmtudaginn 17. maí 2018.


Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15



Birgir Már Bragason



Jóna Rut Jónsdóttir




Elín Björg Gissurardóttir




Bjarni Stefánsson




Brynja Kristjánsdóttir



Inga Rut Hlöðversdóttir



Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir



Jón Norðfjörð